

Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 15. júlí 2019
/es

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.). Umsögn Orku náttúrunnar ohf.

Orka náttúrunnar ohf. (ON) vísar til ofangreindra áforma, sem fyrirtækið hefur lýst yfir ánægju með, svo langt sem þau ná, sbr. sameiginlega umsögn fyrirtækja í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. júlí sl. Í þessari umsögn ON verður sjónum beint að mikilvægum atriðum, sem ekki er að finna í framangreindum áformum.

Orka náttúrunnar ohf. hefur að undanfögnu unnið að uppsetningu vetnisframleiðslustöðvar við Hellsheiðarvirkjun. Í því sambandi hefur fyrirtækið gert samkomulag við Íslenska vetnisfélagið, Skeljung og Íslenska nýorku um framþróun vetnis sem orkugjafa fyrir samgöngur. Um er að ræða rannsóknar- og þróunarverkefni. Verkefnið hluti af umfangsmiklu þróunarverkefni á vegum Evrópusambandsins; Hydrogen Mobility Europe (H2ME) og er rafgreinir sem keyptur hefur verið til landsins vegna verkefnisins niðurgreiddur af H2ME. Verkefninu er ætlað að stuðla að aukinni notkun vetnis sem orkugjafa fyrir bifreiðar og er mikilvægur þáttur orkuskipta í samgöngum. Forsenda þess að verkefnið geti gengið eftir er að strætisvagnar og stórir flutningabílar sem knúnir eru vetni verði keyptir til landsins og noti það vetni sem framleitt verður í stöðinni. Það mun ekki gerast nema til komi ívilnanir af hálfu ríkisins, eins og niðurfelling virðisaukaskatts af viðkomandi bílum.

Því veldur það miklum vonbrigðum að ívilnanir vegna slíkra bíla skuli ekki vera hluti þeirra áforma sem nú liggja fyrir, en minnt er á að í tillögum starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis var lagt til að virðisaukaskattur af rafmagns- og vetnis strætisvögnum og flutningabílum yrði felldur niður.

Orka náttúrunnar ohf. leggur þunga áherslu á að tillögum starfshópsins varðandi strætisvagna og flutningabíla sem knúnir eru vistvænum orkugjöfum verði bætt við áform þau um frumvarp, sem hér eru til umfjöllunar, enda er vetni afar mikilvægur þáttur í innleiðingu vistvænna samgangna, þar sem það hentar afar vel til aksturs á lengri leiðum. Ef ekki verður af ívilnunum vegna slíkra bíla er einnig ljóst að áform um vetnisframleiðslu og dreifingu munu ekki geta gengið eftir. Yrði þá um að ræða mikið bakslag í því mikilvæga starfi sem unnið er að til að stuðla að vistvænum samgöngum.

Virðingarfyllst,



Berglind Rán Ólafsdóttir,
framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar ohf.